

Og engin mynd er færð á stall (Ljósm. Atli).

BÖRN AÐ LEIK

Opnuð var á sumardaginn fyrsta á Kjarvalsstöðum sýning á verkum Þorbjargar Pálsdóttur: börn eru þar að leik, allar myndirnar lýsa hreyfingu og stellingum af leikvelli og úti í horni stendur kona með ósýnilegt barn í holum maga.

Ernir Snorrason rithöfundur segir í bók um listakonuna: „Líkami okkar er hol, sem hefur innra umhverfi aðskilið frá ytra umhverfi, sem er það sem við sjáum. Líkamskennd Þorbjargar er allt önnur. Hún sér manninn sem eitt frumulag, eins og verpt laufblað. Innra umhverfi aðskilið ytra umhverfi er ekki til...“

Ég er oft spurð að því, segir Þorbjörg í spjalli við blaðamann, af hverju myndir mínar séu holar, áferðin gróf, til hvers þennan óhugnað?

Satt að segja vakir allt annað fyrir mér en að vekja óhugnað, og kannski eru þau viðbrögð eitthvað farin að renna af mönnum. Gróf áferð finnst mér gefa verkunum meira líf en ef þau væru slétt og pússuð. Og hin holu form? Mér finnst þetta samspil milli innra rýmis og þess sem um lykur, þessi leikur með opin og lokuð form gefa verkunum meiri spennu og sjálfstæði. Mér finnst líka að stellingarnar verði ákveðnari, afdráttarlausari þegar fígúrurnar eru holar og þar með meira lifandi. Í sömu átt – að gera verkin meira lifandi – gengur það líka, að ég set myndirnar aldrei á stall, þær standa eða sitja eða liggja beint á gólfi, eða garði.

Stellingarnar, hélt Þorbjörg áfram, móta ég fyrst í vír og vef svo utanum blautum gifsbindum. Síðan klippi ég niður glerræmur og dýfi í polyester og við þetta verð ég að hafa þunga grímu og mikla gúmíhanska.

Þessi verk hafa staðist tímans tönn takk bærilega. En ekki skal ég neita því, að ég vildi gjarna vita þau öll í bronsi – efniviðurinn þessi hér er mér ekkert heilagt mál...

Ernir Snorrason leiðir blaðamann að polyestérstúlku sem heldur á leikfangi, venjulegri rellu. Hver annar, spyr hann, hefði dirfst að setja sitt verk við hliðina á svona rellu...?

áb.

Skagfirðingabók

Út er komið 11. bindi Skagfirðingabókar, rits Sögufélags Skagfirðinga. Í þessu bindi er, sem jafnan áður margt að finna sem þeir, er unna sögulegum fróðleik, geta ekki látið fram hjá sér fara.

Bókin hefst á sýslulýsingu „yfir Skagafjarðarsýslu 1863-1872“ eftir Eggert Briem sýslumann. Er lýsingin rituð á Reynistað 31. des. 1875. Þá er ritgerð eftir Jón Margeirsson, „Friðrik konungur V. og Ísland“. Í einskonar skýringarformála fyrir ritgerðinni segir höfundur m.a.: „Um miðja 18. öld var komið að því, að skipaður yrði fyrsti íslenski landfógetinn og fyrsti íslenski amtmaðurinn. Það kom í hlut Skagafjarðarsýslu að leggja til mann í embætti landfógeta. Það, sem hér var að gerast, var hluti af breytingu, sem varð á stefnu Danastjórnar gagnvart Íslandi. Konungur Danmerkur var þá Friðrik V. og verður afstaða hans til Íslands skoðuð í eftirfarandi ritsmíð“.

Gísli Brynjólfsson segir í fróðlegri og ýtarlegri grein frá afa sínum, sr. Gísla Jóhannessyni, sem fæddur var í Hofstaðaseli 19. okt. 1817. Dreif margt á daga Gísla þótt ekki næði hann háum aldri, dó aðeins 48 ára gamall, og var þá prestur á Reynivöllum í Kjós. Hannes Pétursson skáld ritar þátt um Þangskála-Lilju og birtast þar nokkrar stökur eftir hana, en Lilja var ágæta vel hagorð. – Guðvin Gunnlaugsson segir frá síðasta förumanninum í Skagafirði, Sveini Sveinssyni, löngum kallaður Sveinn lagsmaður. Sveinn var fæddur 1857 og andaðist 1946. – Þórhildur Sveinsdóttir bregður upp gamalli svipmynd úr Stafnsrétt.

Sigurjón Björnsson segir frá ánni, sem hvarf og rekur minningar um hana, en söguhetjan er Sauðáin, sem féll í gegnum Sauðárkrók en var síðar bægt frá bænum og veitt í Áshildarholtsvatn. Sakna margir eldri Sauðkrækingar þar vinar í stað. – Haldið er áfram birtingu á annál úr Skagafirði 1936-1938, en hann er ritaður af Stefáni Vagnssyni. – Gunnhildur Björnsdóttir í Grænumýri segir frá hjásetu á Miklabæ í Blönduhlíð sumarið 1914. – Loks er „Samtíningur um mislingasumarið 1882“ eftir Sölva Sveinsson.

Skagfirðingabók er rúmar 200 bls. Ritstjóri hennar er Ögmundur Helgason en auk hans skipa ritstjórnina þeir Sölvi Sveinsson, Hjalti Pálsson og Gísli Magnússon.

Greinarkorn þetta átti að birtast í síðasta helgarblaði Þjóðviljans og gerði það, en aðeins að nokkru. Felldir voru niður tveir kaflar, trúlega til þess að geta pressað efnið inn í afmarkað rúm. Við þær aðgerðir er undirritaður ekki sáttur og væntir þess, að til þeirra komi ekki öðru sinni.

– mhg.

Grasmaðkurinn kominn á bók

IÐUNN hefur gefið út leikritið **Grasmaðk** eftir **Birgi Sigurðsson,** en það var frumsýnt hjá Þjóðleikhúsinu 14. apríl. Þetta er fjórða leikrit Birgis sem sýnt er á sviði, en hin þrjú hafa verið leikin á vegum Leikfélags Reykjavíkur. Persónur eru fimm: Unnur, Haraldur, eiginmaður hennar, Bragi, systursonur Unnar, Gréta, dóttir Haralds og Atli bróðir hans. Leikritið fjallar um samskipti þessarar fjölskyldu innbyrðis og átök sem þar verða þegar tekið er að gera upp málefni fortíðarinnar.

sunnudagskrossgátan

Nr. 368



Setjið rétta stafi í reitina hér fyrir neðan. Þeir mynda þá götuheiti í Reykjavík. Sendið þetta nafn sem lausn á krossgátunni til Þjóðviljans, Síðumúla 6, Reykjavík, merkt „Krossgáta nr. 368“. Skilafrestur er þrjár vikur. Verðlaunin verða send til vinningshafa.

24	7	11	19	9	17	14	3	20

Stafirnir mynda íslensk orð eða mjög kunnugleg erlend heiti hvort sem lesið er lá- eða lóðrétt.
Hver stafur hefur sitt númer og galdurinn við lausn gátunnar er sá að finna staflykilinn. Eitt orð er gefið og á það að vera næg hjálp, því með því eru gefnir stafir í allmörgum orðum. Það eru því eðlilegustu vinnubrögðin að setja þessa stafi hvern í sinn reit eftir því sem tölurnar segja til um. Einnig er rétt að taka fram, að í þessari krossgátu er gerður skýr greinarmunur á grönnum sérhljóða og breiðum, t.d. getur aldrei a komið í stað á og öfugt.

A Á B D Đ E É F G H I Í J K L M N O Ó P R S T U Ú V X Y Ý Þ Æ Ö

Verðlaunin

Verðlaun fyrir krossgátu nr. 364 hlaut Melkorka Sigurðardóttir, Njálsgötu 39B, Rvík. Þau eru Oresteia eftir Æskilos í þýðingu Helga Hálfdanarsonar. Lausnarorðið var Herjólfur.

Verðlaunin að þessu sinni eru smásögur Svövu Jakobsdóttur, Gefið hvort öðru, sem Iðunn gaf út í vetur.

